

1¼ '61.

241

Nr. 105.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 79 27. maí 1960, um skipan
gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl.

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ákvæði 7. og 10. gr. hér að framan gilda ekki um gjafasendingar eða aðrar sendingar, að verðmæti allt að kr. 3000.00, sem ekki er ætlast til greiðslu fyrir, enda séu færðar sönnur á, að svo sé.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl., öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 18. apríl 1961.

Gylfi Þ. Gíslason.

Jónas H. Haralz.

1¼ '61.

Nr. 106.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 78 27. maí 1960, um innflutnings-
og gjaldeyrisleyfi.

1. gr.

Eftirtaldir liðir falli niður úr 1. gr. reglugerðarinnar:

Tollskrá:

Kafli. Nr.

27 19a Lakkbenzín (white spirit).

75 9 Bifhjól.

Niðurfelling þessa liðar er háð því skilyrði, að við tollafgreiðslu verði greitt gjald samkvæmt 16. gr. laga nr. 4 1960.

Liðurinn 71. kafli nr. 23 í 1. gr. reglugerðarinnar: Skraut og glysvarningur úr ódýrum málum, orðist þannig:

71 23 Skraut og glysvarningur úr ódýrum málum, þó ekki úrfestar.

B 31